

Fundargerð 14. ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundur var haldinn fimmtudaginn 21. maí 2026 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Guðmundur Grétar Karlsson yrði fundarstjóri og að Hanna María Kristjánsdóttir yrði ritari. Samþykkti fundurinn það einróma.

2. Skýrsla stjórnar

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2025. Skýrslan er aðgengileg á vefsíðu Þekkingarsetursins.

3. Ársreikningur ársins 2025

Sigrún Birta Hlynsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðaðan ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2025 sem stjórn hafði áður samþykkt einróma. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 20,4 milljónir króna. Heildareignir námu 46,6 milljónum króna í árslok en skuldir voru tæpar 14 milljónir króna. Eigið fé í árslok var 32,8 milljónir króna. Auknar rekstrartekjur og hagnaður skýrist að mestu af uppgjöri á verkefninu Interact III sem styrkt var af Evrópusambandinu. Tekjur vegna verkefnisins verða nýttar til uppbyggingar á rannsóknaraðstöðu Þekkingarsetursins á komandi árum. Lægri launakostnaður á árinu skýrist af fæðingarorlofi og breytingum í starfsmannahópnum.

Ársreikningurinn er aðgengilegur á vefsíðu Þekkingarsetursins:

<https://thekkingarsetur.is/thekkingarsetur-sudurnesja/skjol/arsskyrslur/>

4. Hvar eru hvalirnir?

Daníel Hjalmtýsson, verkefnisstjóri hjá Þekkingarsetrinu og Anna Selbmann, sérfræðingur hjá setrinu, sögðu frá verkefninu Hvar eru hvalirnir? sem er nýtt og mjög spennandi. Verkefnið er



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA

Suðurnes Science and Learning Center

til fimm ára og felur í sér talningu og rannsóknir á hvölum í kringum Suðurnes. Markmiðið er að virkja almenning til þátttöku með því að leita að hvölum og láta sérfræðinga Þekkingarsetursins vita þegar sést til hvala á svæðinu. Verkefnið verður kynnt í skólum á Suðurnesjum og ýmsar uppákomur haldnar til að ná til almennings og kynna verkefnið. Fyrsta hvalaleitin hefur þegar farið fram í Garðskagavita með mjög áhugasömum Suðurnesjabúum. Kynningar- og fræðsluefni hefur verið útbúið með það fyrir augum að auðvelda almenningi leit að hvölum og að tegundagreina þá.

5. Önnur mál

- a) Einn fundargesta, Fannar Logi W. Sigurðsson, spurði um framtíðarsýn setursins og forstöðumaður sagði frá því að áherslan yrði á að byggja setrið enn frekar upp, bæði hvað varðar rannsóknaaðstöðu, samstarf við háskóla og tengingar út í samfélagið.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA
Suðurnes Science and Learning Center

Guðmundur Grétar Karlsson - sign

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - sign

Halldór Pálmar Halldórsson - sign

Sindri Gíslason - sign

Berglind Kristjánsdóttir - sign

Hanna María Kristjánsdóttir - sign